

Hafnarfirði, 4. janúar 2022

Gleðilegt nýtt ár kæru nemendur og foreldrar/forráðamenn!

Það styttist í að skólastarf hefjist að nýju. Stundatöflur nemenda verða birtar á INNU síðar í dag og **fyrsti kennsludagur vorannar er föstudagurinn 7. janúar**. Við gerum ráð fyrir staðkennslu, en í ljósi aðstæðna í samfélaginu vegna heimsfaraldursins verðum við að vera við öllu búin. Það er því **mikilvægt að byrja önnina vel**, mæta með öll námsgögn frá og með fyrsta tíma, kynna sér námsefni áfangans vel og fyrirkomulag námsmats og fylgjast vel með tilkynningum varðandi námið í INNU.

Töflubreytingar eldri nemenda standa yfir í Innu frá **4. - 7. janúar**, sjá nánari leiðbeiningar á heimasíðu skólans: <http://www.flensborg.is/namid/stundaskrar/>.

Áfram gilda reglur um **grímuskyldu** og aðrar tilheyrandi sóttvarnir, svo sem sprittun handa og snertiflata. Athugið að mötuneyti skólans verður ekki opið nema að takmörkuðu leyti og því mikilvægt að koma með gott nesti að heiman.

Að lokum vil ég benda á **heimasíðu skólans**, [flensborg.is](http://www.flensborg.is), en þar má finna allar helstu upplýsingar um skólastarfið á önninni, námið almennt og þá þjónustu sem skólinn veitir nemendum sínum.

Með von um ánægjulegt samstarf á vorönninni.